

**Nd.**

**310. Framvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Annar tölulið í 3. gr. laga nr. 57, 22. nóv. 1907, skal orða svo:

Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttubrekku, Sökkólfsdal, Miðdali, Breiðamel, milli Saura og Sauðhúsa, Búðardal og þaðan inn svo nefnt Land, fyrir neðan Ljárskóga að Fáskrúð, um Hvammssveit, Svínadal og Saurbæ, kring um Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð, Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.